

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 122/2022

frá 29. apríl 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2045 frá 23. nóvember 2021 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1962 frá 12. ágúst 2021 um leiðréttingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1979 frá 11. ágúst 2021 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun bis(2-etylhexýl)þalats (DEHP) í plastíhlutum í könnunarspólum í segulómtækjum (MRI), í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1980 frá 11. ágúst 2021 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun bis(2-etylhexýl)þalats (DEHP) í sérhæfðum jónanemum til að greina líkamsvessa mannlíkamans og/eða skiljuvökva, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 418, 24.11.2021, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 69.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 73.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB):

„– **32021 L 1979**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1979 frá 11. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 69).

– **32021 L 1980**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1980 frá 11. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 402, 15.11.2021, bls. 73).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):

„– **32021 R 2045**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2045 frá 23. nóvember 2021 (Stjtið. ESB L 418, 24.11.2021, bls. 6).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):

„– **32021 R 1962**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1962 frá 12. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 16).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/2045, framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1962 og framseldra tilskipana (ESB) 2021/1979 og (ESB) 2021/1980, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING